



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ásgeirs Ásgeirssonar  
1. janúar 1966

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Ég þakka öllum gamla árið, sem nú er liðið í skaut aldanna, og óska yður öllum góðs og farsæls nýs árs! Gleðilega hátíð! Ég á þar við, að nýársdagurinn, sem nú er talinn, var raunar áður um miðbik jólanna, sem náðu frá aðfangadagskvöldi til þrettánda.

Jólin eru upphaflega ævaforð miðsvetrarhátíð, sem kristin kirkja hefir helgað frá kristnitöku. Enn eru um jólin sagðar sögur frá forneskju, og rifjuð upp gömul minni frá heiðni, án þess að nokkur amist við.

Hinn mikli fagnaðarboðskapur jólanna er þó engu að síður jólaguðspjall, María og Jósep, jatan og Jesúbarnið, jólastjarnan, friður á jörðu og velþóknun með mönnum. Þrettándinn var og áður haldinn heilagur, ýmist í minningu vitringanna frá Austurlöndum eða skírnar Jesú og opinberunar heilags anda í dúfulíki.

Jólaguðspjallið er oss í blóð borið, og það skiptir ekki öllu máli, hvort menn líta á það sem sannsögulega frásögn eða tákn- og helgisögu að einhverju leyti. Um slíkt er varla lengur deilt, og síst á jolum. Helgisögur geta verið sannar á sinn hátt eins og allur hinn hæsti skáldskapur.

Upp úr jolum fer sólin aftur að hækka á lofti, daginn að lengja. „Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, var að koma í heiminn.“ „Orðið var hold, og hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika.“ Það er því meiri helgi yfir jolum en öllum öðrum hátíðum, nema vera skyldi páskunum, hátíð upprisunnar.

Það er skammt á milli jólatrésins og krosstrésins, og þó er það hin helgasta og háleitasta saga, sem gerst hefir hér á jörð. Hún fyllir hug vorn friði og velþóknun enn þann dag í dag, þó stutt vilji á stundum verða í vopnahléum, eins og dæmin sýna. Jólaboðskapurinn ætti þó að taka til alls ársins.

Á áttundadag jóla, eins og nýársdagurinn var áður nefndur, er venjan að minnast sérstaklega sögu hins nýliðna árs og framtíðarvona. Það gerum vér öll í hjörtum vorum. Áramótagreinar og ræður svo margra annarra hafa það aðalviðfangsefni, svo ég mun á fátt minnast í þessu stutta ávarpi.

Gamla árið var góðæri, einmunatíð og afli, nema helst grasbrestur á Austurlandi. Metafli var á sjó og verðlag á útflutningsafurðum hagstætt. Í slíku góðæri má ekki gleyma hörðu árunum. Í vorri sögu hafa jafnan skipst á góðæri og hallæristímabil. Og þó hallæri sé máskulega fullsterkt orð á vorri tækniöld, þá mun svo enn verða, að árferði og aflasæld gangi í öldum. Ekki hefir síldin reynst árviss, síðan þær veiðar hófust að nokkru ráði. Hátekjur þjóðarinnar verður að nota til að brúa yfir lágtekjukafana, bæði með því að safna sjóðum og skapa fjölbreyttari og vaxandi afkomumöguleika. Gildir það jafnt um þegna sem þjóð. Til þjóðfélagsins eru gerðar miklar og vaxandi kröfur,

og gott að heyra úr ýmsum áttum viðurkenning á því, að ekki sé unnt að gera allt í senn. Þarfnar eru miklar, og vart hægt að fullnægja á hverjum tíma nema forgangskröftum.

En áróðurinn er áleitinn, og flokkskapp fer oft fram úr hófi. Áróðurstækni hefir ekki síður færst í aukana en önnur tækni, vaxandi blaðakostur, útvarp o.s.frv. Flokkaskipting er að vísu nauðsynleg og samvaxin lýðræðisskipulagi. Flokkur er sjaldan betri en meðaltal þeirra, sem flokkinn fylla. Og þó hver flokkur sé góður fyrir sinn hatt, þá eiga allir að baki og fyrir höndum samstarf við aðra, enda sjálfir samsteypa ólíkra hagsmuna og sjónarmiða. Fullkomið eða svokallað „vísindalegt“ skipulag, sem sé óháð mannlegu eðli, kostum þess og göllum, fyrirfinnst ekki. Það er enginn kolsvartur né drifhvítur eins og í riddarasögum, heldur allt líkara mannlýsingum Íslendingasagna, þar sem ágætum mönnum getur yfirsést og engum þó alls varnað.

Þó jólafríðurinn sé skammær, þá er það engin nauðsyn, að áróðurinn sé daglegur og árlegur. Skyllt er þó að játa, að minni beiskja og fjandskapur virðist nú manna á meðal en stundum hefir áður verið í íslenskum stjórnámálum. Og innan skefja þarf að halda öllum átökum, ef lýðræði og þjóðareining á að varðveitast.

Ég læt ekki undir höfuð leggjast að minnast eins höfuðatburðar frá íslensku sjónarmiði á liðnu ári, en það er samþykki Þjóðþings Dana á afhending íslenskra handrita til vor, sem eigum þar geymda mikla sögu og mestu bókmenntaafrek forfeðranna. Þau eru kjörgripir og helgir dómur þessarar þjóðar. Það verður aldrei ofmetið, hvern þátt hinar einstöku og heimskunnu fornbókmenntir vorar eiga í endurreisn og fullveldi vorrar fámennu þjóðar. „Norðurlandþjóðir eru náskyldar og um margt áþekkar,“ segir einn af þekktustu sagnfræðingum vorra tíma, Arnold Toynbee, „en það var fámennasta þjóðin, Íslendingar, sem um langt skeið orti ljóðin og ritaði söguna. Þetta fæ ég hvorki skýrt né skilið.“ Vér getum sjálfir rakið ýmis rök, og fært fram ástæður, en þó hygg ég, að ekki verði hjá því komist að telja, að Íslendingar hafi að eðlisfari verið öðrum hneigðari til skáldskapar og bókleggrar iðju, enda hefir þráðurinn ekki slitnað til þessa dags. En slíkt þjóðareðli verður erfitt „að skýra og skilja,“ eins og Toynbee kemst að orði.

Það er mikið drengskaparbragð af Dana hálfu að gera slíka samþykkt, og binda þannig endahnút á langa viðureign. Í þeirri sjálfstæðisbaráttu á öllum sviðum, sem nú er lokið, hafa Íslendingar þroskast til sjálfstjórnar og fullveldis.

Það er aðdáunarvert, að Jón Sigurðsson setur í upphafi markið svo hátt, að það þurfi meira en mannsaldur umfram hans eigin ævi til að ná því marki. Það ber allt að sama brunni um hans stórhug og réttðæmi um sögu þjóðarinnar frá upphafi og framtíðarstefnu. Það er vissulega samband milli sögu og samtíðar, og nú er það vort að sýna og sanna, að íslensk þjóð sé enn, og verði áfram samboðin fornu þjóðveldi og trausti Jóns Sigurðssonar.

Og víkjum nú sögunni hingað til Bessastaða. Það er langur ferill, og heldur óskemmtilegur, frá því að Bessastaðir komust í konungseign eftir víg Snorra Sturlusonar og þar til fyrsti Íslendingurinn hlýtur amtmannsembætti. En með Magnúsi Gíslasyni amtmanni hækkar hagur staðarins. Hann á frumkvæði að bygging Bessastaðastofu, sem enn stendur að kalla óbreytt, nema hvað tréverk hefir verið endurnýjað að miklu leyti, og þó í sama stíl. Teikning hússins hefir verið gerð af stórhug og öruggri smekkvísi, og framkvæmd af ágætum meisturum, sem þó voru svo ókunnugir hér á landi, að þeir fluttu með sér danskan sand til öryggis múrverkinu.

Viðbætur eru móttökusalurinn, sem gerður var í tíð Sveins Björnssonar og bókhláðan reist á nýliðnu ári, hvorttveggja í þeim stíl og á þeim stað, sem fellur inn í

heildina og svip stofunnar gömlu, sem nú á tveggja alda afmæli á þessu ári. Í bókhlöðuna vantar ennþá skápa að hálfu leyti og steindar rúður í stóran glugga á austurgafli. Fyrirmyndir að þeim glugga ætti að taka úr fornum handritum, og má vera að hvorttveggja komi í sama mund. Bókhlöðu mátti ekki vanta á forsetasetri slíkrar bókmennta- og söguþjóðar. Og það hygg ég, að húsaþörf staðarins sé nú fullnægt, að minnsta kosti í minni tíð.

Skreytingu Bessastaðakirkju er nú að mestu lokið, og hefir hún verið framkvæmd að hálfu fyrir ríkisfé, og öðrum helming með gjöfum einstakra manna og félaga. Þar eru sex steindir gluggar úr íslenskri kristnisögu og tveir í kór með guðspjallamyndum, altariстаflan íslensk og grátur með táknum guðspjallamanna, sem svara til og eru sömu ættar og landvættirnar í voru eigin skjaldarmerki. En merkasti kirkjugripurinn mun þó vera skírnarfontur úr norsku graníti frá kaþólskum sið, og má vera að hann sé einna elstur kirkjugripur hér á landi. Hann er að vísu kallaður marmarafontur í gömlum vísitasíum, en Íslendingar hafa löngum verið óglöggir á tré og stein, sem ekki fyrirfinnst í landinu sjálfu.

Það mætti margt telja af góðum gripum, sem kirkjunni hafa áskotnast, en síðast hefir nú borist frá norskum vinum þykk og þung eikarhurð, sem samsvarar veggþykktinni í þessu veglega guðshúsi. Járnin eru mikil og í akkerisstíl til minningar um heilagan Nikulás, sjófaradýrlinginn, sem kirkjan var helguð í kaþólskum sið. Það vantar aðeins á skrána, sem smíðuð verður og gefin af íslenskum sveinum og meisturum til minningar um járnsmíðalærlinginn Hallgrím Pétursson.

Endurreisn Bessastaðakirkju er ekki eingöngu gerð vegna staðarins né hins fámenna safnaðar, heldur og til að minna á það, að kirkjan á að vera lifandi afl í þjóðlífínu. Vér skulum að lokum sameinast um þá ósk og í þeirri von, að kristinn dómur og íslenskt þjóðerni megi dafna og þróast, hlið við hlið, í landinu um ókomin ár.

Guðs blessun fylgi landi og þjóð á nýbyrjuðu ári.  
Gleðilegt ár!